

**Ed.**

**674. Frumvarp**

til laga um heimild til að veita einkarjett til þess að hagnýta járnsand (Volcanic Sand).

(Eftir 3. umr. í Nd.).

1. gr.

Ráðherra Íslands heimilast, að veita Magnúsi yfirdómslögmanni Gíslasyni á Fáskrúðsfirði og Þórarni Bóðvari Guðmundsson á Seyðisfirði einkarjett um 50 ár til þess, að hagnýta sjer á hvern þann hátt, er þeim sýnist, járnsand (Volcanic sand) fyrir innan landhelgislnuna á Hjeraðsflóa, þó ekki nær landi en 60 faðma fyrir utan lögsta fjöruborð.

Sömu mönnum veitist og forgangsrjettur, til að hagnýta sjer járnsand á öðrum stöðum í landhelgi Íslands, en sæta verða þeir sömu kostum og aðrir bjóða, er síðar kynnu að leita slíks leyfis hjá löggjafarvaldinu og það vill veita leyfið.

2. gr.

Heimilt skal einkaleyfishafa, með samþykki Stjórnarráðs, að framselja einkarjett sinn öðrum manni, eða fjelagi, ef maðurinn eða fjelagið er heimilisfast hjer á landi, enda sje hinn nýi leyfishafi háður skilyrðum þessara laga.

3. gr.

Verði fyrirtæki þetta eigi komið á fót, þegar fimm ár eru liðin frá dagsetningu einkaleyfisins, getur ráðherra sagt upp einkaleyfinu með árs fyrirvara. Nú er fyrirtækið að vísu sett á fót, en ekki rekið samkvæmt þeim skilyrðum, sem sett eru í leyfisbrjefinu og getur ráðherra þá sagt upp leyfinu með sama fyrirvara.

4. gr.

Í einkaleyfisbrjefinu skal Stjórnarráðinu áskilinn rjettur til þess að hafa nauðsynlegt eftirlit með stjórn og rekstri fyrirtækisins á þess kostnað.

5. gr.

Sem endurgjald fyrir rjettindi þau, er lög þessi heimila, greiði leigutaki 50 auro í landssjóð af hverri lest, sem framleidd er af hreinsuðum járnandi, en 1 krónu af hverri lest, sem framleidd er af unnu járninu (í stöngum, bútum, þynn-um eða þráðum). Verði önnur verðmæt efni unnin úr sandinum, skal landstjórninni heimilt, að ákveða gjald af þeim.

Af hreinum ágóða þessa fyrirtækis ber landssjóði þegar í byrjun 4%.

6. gr.

Eigi má leggja útflutningsgjald á vörur þær, sem leyfishafi framleiðir samkvæmt einkaleyfi þessu.

7. gr.

Hafnir þær, sem gerðar verða til að greiða fyrir rekstri fyrirtækisins og arði af því, hvar sem er á landinu, skulu vera opnar til almenningsnota að svo miklu leyti sem það kemur ekki í bág við atvinnurekstur einkaleyfishafa.

8. gr.

Þegar einkaleyfistíminn er útrunninn, getur landstjórnin krafist kaups á öllum eignum fyrirtækisins með því verði, er dómkvaddir menn meta.